

ALLA RÚN RÚNARSDÓTTIR

BÍDDU PABBI, BÍDDU MÍN
RÉTTINDASTAÐA FEÐRA VIÐ FÆÐINGU BARNIS

BA – RITGERÐ Í LÖGFRÆÐI

LAGAEILD
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS
UMSJÓNARKENNARI: ELÍSABET GÍSLADÓTTIR
JÚNÍ 2014

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	3
2	Réttindi barna	3
3	Ákvæði barnalaga.....	5
3.1	Hvað felst í forsjá barns og hvernig kemur hún til?	6
3.2	Sameiginleg forsjá.....	6
3.3	Umgengni	8
4	Lex lata y lex ferenda – 2. mgr. 29. gr. bl.	9
5	Forsjárlausir feður	11
5.1	Möguleiki feðra til að fara í mál.....	12
5.2	Skráð faðerni en hvað svo?	13
5.3	Sjónarmið í forsjárdeilum.....	15
6	Lokaorð	16
	Heimildarskrá	18

1 Inngangur

Séra Pálmi var eitt sinn spurður að því hver munurinn væri á því „að vita“ og „að trúa.“ Maðurinn sem leitaði til hans var í vafa um trú sína og velti fyrir sér hvernig hann gæti vitað að Guð væri til og fengið staðfestingu á tilvist hans. Pálmi þurfti ekki að hugsa sig lengi um og svaraði um hæl: „Konan þín veit að hún á dóttur ykkar en það er þitt að trúa því að hún sé dóttir þín“.

Þessi litla dæmisaga fær mig til að hugsa hvort þetta séu skilaboð sem við viljum senda út í samfélagið? Á að vera svo auðvelt að efast um faðerni barns, á faðerni barns að vera eitthvað sem barn veltir fyrir sér eða sjálfsagður hlutur af lífi þess?

Faðir barns hættir ekki að vera faðir þess þegar það nær 18 ára aldri né heldur ef barn flytur að heiman. Faðir er alltaf faðir óháð því hvernig forsjá og lögheimili er háttað. Hins vegar má spyrja sig að því hvaða þýðingu forsjá hafi fyrir það foreldri sem barn býr ekki hjá og hvaða rétt forsjárlaust foreldri hafi?

Megináhersla ritgerðarinnar verður á 2. mgr 29. gr laga nr. 76/2003, barnalaga (hér eftir bl.), en þar kemur fram að móðir barns fari með fulla forsjá séu foreldrar þess ekki í skráðri sambúð eða í hjúskap er það fæðist. Auðvelt getur verið að álykta af framangreindu að feður hafi við þessar aðstæður lítil sem enginn réttindi. Hver eru réttindi fedra þegar svona er ástatt og hvers geta þeir krafist? Er sanngjarnt að lögin kveði á um þennan forsjárrétt móður óháð aðstæðum, getu og heilsu beggja aðila? Væri æskilegra út frá réttindum barns og föður að meginreglan væri að forsjá yrði sameiginleg um leið og barn væri fedrað nema sérstaklega væri samið um annað? Hér á eftir verður leitast við að svara þessum spurningum og leitast við að komast að niðurstöðu um hver réttindi fedra eru við þessar aðstæður. Verður þetta gert frá lögfræðilegu sjónarhorni og með hliðsjón af gildandi rétti.

2 Réttindi barna

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, oftast nefndur Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (hér eftir SSRB), og Mannréttindasáttmáli Evrópu (hér eftir MSE) eru sáttmálar sem báðir hafa haft mikil áhrif á íslenska löggjöf. Barnasáttmálinn er einn yfirgripsmesti alþjóðasamningur sem til er um mannréttindi og er hann sá samningur sem flestar þjóðir hafa undirritað. Má því segja að hann sé algjört leiðarljós í alþjóðlegum barnarétti. Barnasáttmálinn öðlaðist lagagildi í íslenskum rétti með lögum nr.19/2013 og hlaut Mannréttindasáttmáli Evrópu sömu stöðu með lögum nr. 62/1994.

Framangreinda sáttmála er gott að hafa til hliðsjónar þegar réttindi einstaklinga eru skoðuð sem og Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (hér eftir stj.skr.). Stjórnarskráin er æðsta réttarheimildin í hinu íslenska réttarkerfi. Við yfirferð á eftirfarandi efni verður að hafa 71. gr. stj.skr. í huga sem tryggir m.a. friðhelgi fjölskyldunnar og verndar með því fjölskyldutengsl í víðtækum skilningi. Sömu vernd má einnig finna í 8. gr MSE en það ákvæði er þó orðað á almennari hátt en stjórnarskrárákvæðið. Jafnframt ber að huga sérstaklega að 3. mgr 76. gr stj.skr. en þar segir: „Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.“

Þegar taka skal ákvörðun er lítur að barni, og hagsmunum þess, skal ávallt hafa það að leiðarljósi hvað er því fyrir bestu. Þessa lögbundnu og jafnframt mikilvægu meginreglu er að finna í 2. mgr. 1. gr. bl., en hún er auk þess sett fram í 3. gr. SSRB. Erfitt getur verið að átta sig á því hvað er barni fyrir bestu og er ekki til nein ein rétt skilgreining til á því. Þarf að skoða hvert tilvik og greina þarfir hvers barns fyrir sig og hafa við það mat öll gildi Barnasáttmálans að leiðarljósi. Til stuðnings 3. gr má til að mynda nefna 6. gr. SSRB, þar er réttur barns til lífs og þroska tryggður. Leggur ákvæðið skyldu á aðildarríkin að tryggja eftir fremsta megni að sérhvert barn fái að lifa og alast upp við uppbyggjandi og þroskavænleg skilyrði.¹ Ákvæðin eru matskennt og styðja því að skoða þarf þær aðstæður sem barn býr við hverju sinni.

Á undanförunum árum hefur ríkari áhersla verið lögð á sameiginlega ábyrgð beggja foreldra á uppeldi barns, sbr. 18. gr SSRB. Hrefna Friðriksdóttir fjallar um þessa ábyrgð í handbók sinni um barnalögin og segir hún umrædda ábyrgð „vísa allt í senn til réttar og skyldu foreldra til að fara með forsjá og/eða til þess að njóta umgengni og taka þátt í framfærslu og fá upplýsingar um barn sitt.“ Af þessu leiðir að sameiginleg ábyrgð er mun víðtækara hugtak en sameiginleg forsjá og því ber að varast að tala um þetta sem einn og sama hlutinn.² Má segja að 18. gr. SSRB sé sú grein Barnasáttmálans sem mestu skiptir hér ásamt 7. gr. hans en þar er fjallað um rétt barna til að þekkja og njóta umönnunar beggja foreldra sinna frá fæðingu. Rétt barns til að þekkja báða foreldra sína er ekki aðeins að finna í alþjóðasáttmálum heldur einnig í almennum lögum, sbr. 1. gr. a. bl.

Í þessu samhengi má einnig líta til 9. gr. SSRB. Þar er kveðið á um réttindi barns, sem skilið hefur verið frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra, og um umgengnisrétt barns við foreldri þegar svo ber við. Barn má ekki skilja frá foreldum sínum nema það teljist nauðsynlegt fyrir hagsmuni barnsins og verður jafnframt að liggja málefnalegt og faglegt mat

¹ Þskj. 328, 140. lögb. 2011–12, bls.26

² Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 89

að baki ákvörðuninni. Í greininni togast á réttur foreldra annars vegar til að haga uppeldi barna sinna á þann veg er þeir kjósa og hins vegar þörfin fyrir að vernda börnin og gæta hagsmuna þeirra gagnvart foreldrum.³

Rökrétt getur verið að velta því upp hvort sameiginleg forsjá foreldra falli betur að fyrrnefndum ákvæðum og styðji þá þróun er hefur verið á því sviði réttarins. Nánar verður farið yfir sameiginlega forsjá og mismundandi aðstæður við fæðingu barns hér á eftir.

3 Ákvæði barnalaga

Í tilhugalífínu vilja formsatriði oft gleymast. Þegar fólk er ástfangið og eignast sitt fyrsta barn saman er forsjá ekki endilega það fyrsta sem fólk hugsar um. Þegar lesið er yfir lög nr. 76/2003, barnalögin, sést að forsjá barns er eitt af þeim atriðum sem vert er að huga að. Ef foreldrar eru í hjúskap eða skráðri sambúð er þetta einfalt, forsjá verður sjálfkrafa sameiginleg og barn er feðrað eftir *pater est*⁴ reglunni sem finna má í 2. gr. bl. Þarf því lítið að hugsa um þetta í þeim aðstæðum. Hins vegar ef foreldrar eru ekki hjúskap eða í skráðri sambúð flækjast málin.

Sé barn ekki feðrað skv. fyrrnefndri reglu er hægt að koma á faðerni með faðernisviðurkenningu, sbr. 4. gr. bl. eða með því að fara í faðernismál skv. II. kafla laganna. Hafa ber í huga að móður er skv. 1. gr. a. bl. skylt að feðra barn og er sú skylda nánar útfærð í 2. mgr. 7. gr. bl. Sinni móðir ekki umræddri skyldu öðlast hún ekki rétt til meðlagsgreiðslna⁵ og barn fær ekki tækifæri til að njóta umgengni við föður sinn.

Líkt og sjá má á 2. mgr. 29. gr. bl. öðlast móðir barns sjálfkrafa fulla forsjá yfir barni sínu sé hún ekki skráð í sambúð þrátt fyrir að faðernisviðurkenning hafi farið fram, en nánar verður vikið að því hér á eftir.

Nýbakaðir foreldrar, sem jafnvel eru að stíga sín fyrstu skref í heimi hinna fullorðnu, eiga það til að átta sig ekki á því hversu mikla þýðingu þetta getur haft þegar til lengri tíma er litið. Gangi samband þeirra ekki upp og þau slíta samvistum getur faðirinn staðið uppi með minniháttar réttindi, hafi þau ekki verið í hjúskap, skráðri sambúð eða gengið frá hlutunum á annan hátt, svo sem samið skriflega um forsjá barnsins skv. 32. gr. bl. Hafa ber þó í huga að faðir hefur ávallt rétt til umgengni við barn sitt skv. 46. gr. bl. þar sem sá réttur er algjörlega óháður forsjánni.

³ Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 33.

⁴ Skv. faðernisreglunni, *pater est*, telst eiginmaður móður barns faðir þess ef það er alið í hjúskap þeirra eða svo skömmu eftir hjúskaparslit að það sé hugsanlega getið í hjúskapnum. Þetta gildir þó ekki ef hjónin voru skilin að borði og sæng á getnaðartíma barnsins. Regla þessi gildir einnig um sambúðarmann ógífrar konu sé sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Nánar má sjá um þetta í Alþt. 2002-2003, A-deild, bls. 638

⁵ Móðir hefur þó alltaf rétt til barnalífeyris þegar barn verður ekki feðrað, skv. 4. mgr. 20. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar.

3.1 Hvað felst í forsjá barns og hvernig kemur hún til?

Orðið forsjá kom til sögunnar með barnalögum árið 1981 og var því ætlað að taka við af orðunum forræði og foreldravald. Þóttu þau orð vísa of mikið til valds foreldra yfir börnum sínum en ekki til umsjá þeirra og verndar yfir börnunum.⁶ Forsjá barns getur verið með ýmsum hætti⁷ og getur hún komið til á þrenna vegu. Forsjá getur verið lögbundin, umsamin eða verið komið á með dómi. Almennt er fjallað um forsjá í V. kafla barnalaga og má þar finna lögbundinn hluta hennar. Í 32. gr. bl. er að finna heimild foreldra til að semja um forsjá sem og lögheimili barns. Sýslumaður þarf að staðfesta slíkan samning til að hann öðlist gildi, sbr. 1. másl. 5. mgr. 32. gr. bl. Nái foreldrar hins vegar ekki að semja um þessi atriði, eða sýslumaður neitar að undirrita samning þeirra⁸, er eina leiðin fyrir þau að leita til dómstóla til að fá leyst úr ágreiningi sínum.

Forsjá barns má í raun skipta í tvo hluta, hina efnislegu ábyrgð og hina formlegu ábyrgð. Hin efnislega ábyrgð felur í sér rétt og skyldu forsjáforeldris til að annast uppeldi og umönnun barns síns. Hin formlega ábyrgð felur hins vegar í sér rétt og skyldu forsjáforeldris til að taka meiriháttar ákvarðanir er varða líf barnsins og snúa að persónulegum högum þess og lögráðum, sbr. 28. gr. bl. Fjallað er um hinn formlega þátt í barnalögum en hinn efnislega þátt er í raun ekki hægt að lögbinda. Þó hafa vísireglur vissulega verið settar og er hægt að finna þær bæði í barnalögum og alþjóðasáttmálum. Skylda hefur til að mynda verið sett í formi vísireglu um að ávallt skuli annast barn af umhyggju og virðingu, sbr. til dæmis 2. mgr. 28. gr. bl.⁹

3.2 Sameiginleg forsjá

Sameiginleg forsjá er hugtak sem kom fyrst inn í barnalögin með lögum nr. 20/1992 en fram að því hafði foreldrum ekki verið heimilt að fara sameiginlega með forsjá barna sinna byggju þau ekki saman. Fyrir tíma sameiginlegrar forsjár fór því aðeins annað foreldri með forsjá væru foreldrar ekki saman og í langflestum tilvikum var það móðirin eða í um 90% tilvika.¹⁰ Nágrannalönd okkar voru talsvert á undan í innleiðingu þessa hugtaks en það hefur verið í stöðugri þróun síðan það var tekið inn í íslenska löggjöf.¹¹ Með breytingarlögum nr. 61/2012 var meðal annars lögfest nýmæli sem fól í sér heimild fyrir dómara að dæma sameiginlega

⁶ Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 169-170

⁷ Forsjá getur ýmist verið í höndum eins eða beggja foreldra, eins getur forsjáforeldri barns gifst aftur og stjúpforeldri farið með forsjána með maka sínum, sjá 29. gr. a. bl.

⁸ Sýslumaður getur neitað að staðfesta samning um forsjá ef samningurinn er andstæður hag og þörfum barns eða hann er andstæður lögum, sbr. 4. másl. 5. mgr. 32. gr. bl.

⁹ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 77

¹⁰ Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir: *Eftir skilnað*, bls. 47

¹¹ Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*, bls. 207-208

forsjá, að kröfu annars foreldris, telji hann slíkt þjóna hagsmunum barnsins. Umrædda heimild er að finna í 3. mgr. 34. gr. bl.

Sameiginleg forsjá getur samkvæmt. nógildandi lögum verið, eins og forsjá almennt, ýmist lögbundin, umsamin eða komið á með dómi. Dæmi um lögbundna sameiginlega forsjá er til dæmis 31. gr. bl. en þar er að finna meginreglu um sameiginlega forsjá við skilnað eða sambúðarslit foreldra. Almenn er fjallað um inntak þessa forsjárforms í 28. gr. a. bl. en þar segir:

28. gr. a. Almenn um inntak sameiginlegrar forsjár.

- Þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns skulu þeir taka sameiginlega allar meiri háttar ákvarðanir sem varða barn. Ef foreldrar búa ekki saman hefur það foreldri sem barn á lögheimili hjá heimild til þess að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins, svo sem um hvar barnið skuli eiga lögheimili innan lands, um val á leikskóla, grunnskóla og daggæslu, venjulega eða nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og reglubundið tólmundastarf. Foreldrar sem fara saman með forsjá barns skulu þó ávallt leitast við að hafa samráð áður en þessum málefnum barns er ráðið til lykta.
- Ef annað forsjáforeldra barns er hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum eru nauðsynlegar ákvarðanir hins um persónulega hagi barns gildar.
- Nú fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns og er öðru foreldrinu þá óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins.

Ljóst er að barn getur skv. gildandi lögum aðeins haft lögheimili á einum stað og af framangreindu má ráða að lögheimilisforeldri standi töluvert sterkara að vígi en hitt forsjáforeldrið þó þau fari sameiginlega með forsjá. Getur það því haft gríðarlega þýðingu fyrir bæði barn og foreldra hjá hvoru foreldrinu það hefur lögheimili. Lögheimilisforeldri hefur til að mynda réttarstöðu einstæðs foreldris. Með slíkri réttarstöðu er átt við réttinn til að taka við meðlagsgreiðslum úr hendi hins foreldris, mæðra- og feðralaunum, barnabótum og öðrum greiðslur frá hinu opinbera ef því er að skipta. Foreldrar geta þó ávallt samið sín á milli um skiptingu þessara greiðslna kjósi þeir svo.¹² Má í framhaldi af þessu velja því upp hvaða þýðingu sameiginleg forsjá hefur í raun þar sem auglýnt er að hún þýðir ekki að foreldrar taki allar ákvarðanir saman, sjá 1. mgr. 28. gr. a. bl. Hefur því verið velt upp hvort svarið sé mögulega að finna í því að heimila tvöfalt lögheimili barns, en í slíkri heimild myndi felast að barn gæti haft lögheimili hjá báðum forsjáforeldrum. Hefur slík umræða ekki enn hlotið byr undir báða vængi. Rökin þar að baki hafa miðast að því að koma í veg fyrir of mikla togstreitu í lífi barns. Líkt og áður hefur komið fram þarf að hafa hagsmuni barns að leiðarljósi þegar

¹² Félags- og tryggingamálaráðuneytið: „Skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum“, bls. 29

málefni þess eru til skoðunar og viku réttur foreldris fyrir rétti barnsins skarist þeirra réttindi.¹³

Sameiginleg forsjá þýðir, eins og sjá má á framangreindu, ekki sjálfkrafa að barn búi að jöfnu hjá báðum foreldrum líkt og margir halda. Foreldrar verða því að koma sér saman um hvernig umgengni skal háttað, þ.e. umgengni barnsins og foreldrisins sem það á ekki lögheimili hjá, og geta þau gert það sín á milli, skv. 4. mgr. 46. gr. bl., eða með hjálp sýslumanns, skv. 47. gr. bl.¹⁴

Vert er að hafa í huga að það er ótvírætt barni fyrir bestu að samskipti milli foreldra séu góð og þau nái sem bestri samstöðu um öll atriði og málefni er barnið varðar, slíkt getur þó krafist gríðarlegrar tillitsemi og sveigjanleika við þessar aðstæður.¹⁵ Geti foreldrar ómögulega staðið saman að afgerandi eða meiriháttar ákvarðanatöku sem lítur að lífi og málefnum barnsins þeirra er lítið gagn í því að þau fari sameiginlega með forsjá þess. Vaknar þá sú spurning um hvort foreldrið eigi að fá forsjá yfir barninu.

Skoðað hefur verið hvort sameiginleg forsjá beggja foreldra ætti að vera meginreglan frá fæðingu, óháð fjölskyldugerð, og ekki notast við þá reglu er fram kemur í 2. mgr. 29. gr. bl. Liggur fyrir að sameiginleg forsjá beggja foreldra hentar ekki við allar aðstæður og verður því að hafa í huga að hinar ýmsu kringumstæður geta verið hjá verðandi foreldrum. Um getur verið að ræða svokallað „einnar nætur gaman“ þar sem foreldrar þekkjast lítið sem ekkert eða að þau þekkest mæta vel og séu jafnvel vinir. Um ástfangið kærustupar getur verið að ræða sem þó hefur hætt saman fyrir fæðingu barns eða stuttu eftir hana. Einnig getur verið um hefðbundið kærustupar að ræða sem ekki hefur skráð sambúð sína í þjóðskrá og svona mætti lengi halda áfram.

Mun meiri óvissa er um samstöðu foreldra sem búa ekki saman, sér í lagi ef annað þeirra er á móti fæðingu barnsins eða aðstæður eru eins og áður segir, að mikil gremja einkenna samskipti foreldra eða að þau hreinlega þekkest ekki neitt. Einnig er talin hætta á því að nýbakaðar mæður sem ekki eiga í ástarsambandi með föður barnsins neiti að feðra barn sitt ef meginreglan er að foreldrar fari sameiginlega með forsjá um leið og barn hefur verið feðrað.¹⁶

3.3 Umgengni

Varast ber að rugla forsjá saman við umgengni en ákvörðun um forsjá barns er ekki háð því hvernig umgengni er eða hefur verið háttað. Réttur barns til að þekkja og njóta umgengni

¹³ Félags- og tryggingamálaráðuneytið: „Skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum“, bls. 55

¹⁴ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: *Forsjá*, bls. 3

¹⁵ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 83

¹⁶ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls. 90

beggja foreldra sinna er tryggður í 46. gr. bl., sem og 7. gr. SSRB., og er með þessum ákvæðum sett skylda á foreldra til að stuðla að umgengni þeirra beggja við barnið. Sé forsjá sameiginleg er oft talað um jafna umgengi og er þá átt við að barn eyði jöfnum tíma með báðum foreldrum.¹⁷

Meginreglan er sú að foreldrar semji um framkvæmd umgengnisréttar og að slíkur samningur sé staðfestur hjá sýslumanni sbr. 4. mgr. 46. gr. bl., en slík staðfesting sýslumanns er þó ekki skilyrði fyrir gildi hans. Staðfestingin hefur þó grundvallarþýðingu komi upp deilur milli aðila og óskað er eftir beitingu þvingunarúrræða.¹⁸

Þrátt fyrir skyldu foreldra til að rækja umgengni er hvergi kveðið á um lágmarksumgengni í barnalögum. Hins vegar segir í athugasemdum við 47. gr. bl.: „verður almennt við það miðað að það teljist lágmarksumgengni að barn dveljist aðra hverja helgi hjá því foreldri sínu sem það býr ekki hjá ef búseta foreldra er með þeim hætti að það þjóni hagsmunum barns, eða samsvarandi ef því er að skipta, um jól, áramót og páska og í sumarleyfi. Lagt er til grundvallar að barn eigi að hafa tækifæri til þess að njóta samvista við báða foreldra sína við ýmiss konar tækifæri, bæði með reglubundnum hætti og um hátíðir og í leyfum. Við nánari útfærslu á umgengninni, t.d. varðandi það hvort regluleg umgengni skuli hefjast á fimmtudegi, föstudegi eða laugardegi, svo dæmi sé tekið, verður að taka mið af aðstæðum hverju sinni, og þar ráða hagsmunir barns för.“¹⁹

Við skoðun á umgengni verður sérstaklega að hafa í huga þau ákvæði sem fjallað var um í 2. kafla hér að ofan.

4 Lex lata y lex ferenda – 2. mgr. 29. gr. bl.

Í 1. og 2. mgr. 29. gr. bl. segir um forsjá foreldra:

- Barn á rétt á forsjá beggja foreldra sinna sem eru í hjúskap, sbr. þó 3. mgr. 31. gr., eða hafa skráð sambúð sína í þjóðskrá.
- Nú eru foreldrar barns hvorki í hjúskap né skráðri sambúð við fæðingu barns og fer móðir þá ein með forsjá þess, sbr. þó 1. mgr. 32. gr.

Ungabörn eru eins og gefur að skilja afar háð nærveru móður sinnar við og rétt eftir fæðingu. Mæður eru oftast en ekki með þau á brjósti og tengslin gjarnan sterk eftir meðgönguna. Líkt og sjá má gefur 2. mgr. 29. gr. bl. móður fulla forsjá yfir barni sínu sé hún ekki í hjúskap eða skráðri sambúð, verður nú að nokkru leyti fjallað um hvort fyrrnefnd tengsl gefi svo mikið forskot á tengsl feðga/feðgina að málefnalegt geti talist að lögunum sé svo háttað.

¹⁷ Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók*, bls.

¹⁸ Alpt. 2002-2003, A-deild, bls. 936

¹⁹ Alpt. 2002-2003, A-deild, bls. 935

Í fyrrgreindu ákvæði er ekkert tillit tekið til aðstæðna við fæðingu barns né nokkurt svigrúm gefið til mats. Í kafla 3.2 um sameiginlega forsjá var talað stuttlega um mismunandi aðstæður sem geta verið uppi þegar barn kemur í heiminn. Ekki er algilt að einungis faðir barns sé á móti fæðingu þess, móðir getur allt eins ekki verið tilbúin fyrir barneignir. Trúarlegar ástæður geta valdið því að fóstureyðing sé ekki inni í myndinni eða þungun uppgötvast of seint. Í raun má ætla að engin málefnaleg rök standi fyrir því að móðir barns sé í öllum tilfellum betur til þess fallinn að annast uppeldi þess fremur en faðirinn. Móðir getur verið illa til heilsu og faðir við fulla heilsu og öfugt. Má velta því upp hvort þetta ákvæði megi rekja til þeirra hefða sem áður voru ráðandi í íslensku samfélagi.

Hér áður fyrr var fjölskyldumynstur þjóðarinnar í fremur föstum skorðum og töluvert einhæfara en tíðkast nú á dögum. Mæður voru heimavinnandi og héldu heimili á meðan feður unnu úti á vinnumarkaðnum. Nútímasamfélag einkennist af jafnari verkaskiptingu inni á heimilum þar sem algengara er orðið að báðir foreldrar vinna utan heimilisins en áður þekktist. Hefur þetta orðið til þess að þátttaka feðra í heimilisstörfum og barnaumönnun hefur aukist til muna. Hins vegar virðist sem enn sé til staðar rótgróið óöryggi feðra gagnvart því að fara inná „valdsvið“ móðurinnar eftir skilnað og hindrar það jafna þátttöku kynjanna í foreldrastarfinu. Sameiginleg forsjá er að hluta til svar nútímasamfélagsins við breyttum hefðum og gefur hún foreldrum tækifæri til að reyna að vinna saman sem foreldrar þó svo þau njóti ekki samvista hvors annars.²⁰

Feðrum getur fundist sem þeir standi úti í kuldanum í þeim tilvikum sem 2. mgr. 29. gr. bl. á við og feður eiga ekki í ástarsambandi við barnsmóður sína. Ýmsar rannsóknir hafa bent til þess að fjölskylduaðstæður við fæðingu barns geti haft mikil áhrif á þau tengsl sem myndast milli föður og barns. Um þetta fjallar fræðimaðurinn Aquilino í grein sinni sem birt var í tímaritinu *Journal of Marriage and Family* árið 2006. Bendir hann á að í þeim tilfellum þegar barn fæðist utan hjónabands eða sambúðar foreldra sinna sé tilhneiging til að þess að reglulegt samband við föður verði töluvert minna en hjá þeim börnum sem fæðast inn í sambúð foreldra og upplifa síðar skilnað þeirra. Einnig bendir hann á að aldur barns við skilnað eða sambúðarslit foreldra hafi áhrif á tengslin. Rannsóknir hafa sýnt fram á að því yngra sem barn er við skilnað því meiri hætta er á því að tengslin rofni þegar fram líður.²¹ Rannsóknir hafa jafnframt leitt líkur að því að tengslin verði sterkari og haldist betur kvænist faðirinn ekki aftur og stofni til nýrrar fjölskyldu með annarri konu en þeirri sem barn hans býr

²⁰ Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K.Sigurðardóttir: *Áfram foreldrar*, bls. 114

²¹ Aquilino William S. : „*The Noncustodial Father-Child Relationship from Adolescence into Young Adulthood*“, bls. 931

hjá.²² Þetta er þó ekki algilt þar sem sumar rannsóknir á stjúp fjölskyldum hafa sýnt fram á að tengsl foreldra við börn sín úr fyrra hjónabandi komist í mörgum tilfellum í fastari skorður og verða uppbyggilegri á annan hátt ef foreldri hefur stofnað til heimilis með nýjum maka.²³

Barn hefur þörf á báðum foreldrum sínum, þörfina má segja beinast jafnt til þeirra beggja en þó á mismunandi hátt og er hún breytileg eftir þroskastigi barnsins.²⁴ Það gefur auga leið að því reglulegri og meiri sem samvera barns við föður sinn er því meiri líkur eru á því að góð tengsl nái að myndast á milli þeirra. Mælir þetta með því að sameiginleg forsjá geti almennt talist vera það sem barni er fyrir bestu og samræmist einnig þeirri auknu áherslu sem orðið hefur á sameiginlega ábyrgð beggja foreldra á uppeldi barns sem áður hefur verið nefnd og kemur fram í 18. gr. SSRB.²⁵ Hafa verður þó í huga að óvissa getur ríkt um samstöðu foreldra er þekkjast lítið og óæskilegt getur verið að ætla foreldrum sameiginlega ábyrgð líki þeim illa hvert við annað sökum eigin forsögu.

5 Forsjárlausir feður

Líkt og fjallað var um í kafla 3.2 getur það haft gríðarlega þýðingu bæði fyrir barn og foreldra hver fer með forsjá barns. Mikilvæg réttindi fylgja forsjá og verður nú fjallað stuttlega um þau réttindi með áherslu á sjónarhorn forsjárlausra feðra, þegar 2. mgr. 29. gr. bl. á við.

Fyrst ber að nefna að réttur foreldra til fæðingarorlofs er lögbundinn og er hann að finna í 8. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof. Rétturinn er bundinn við forsjá barns sama hvort hún er í höndum eins foreldris eða foreldrar fara sameiginlega með hana þegar taka orlofsins hefst, sbr. 6. mgr. 8. gr. fyrrgreindra laga. Frá þessu er að finna undantekningu í 7. mgr. sömu greinar og forsjárlausu foreldri veittur réttur til fæðingarorlofs en þar segir:

„Forsjárlausu foreldri á rétt til fæðingarorlofs liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausu foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlof stendur yfir.“

Af þessu er ljóst að móðir getur komið í veg fyrir feðraorlof föðurs, fari hún ein með fulla forsjá skv. 2. mgr. 29. gr. bl., neiti hún að skrifa undir og með því veita honum samþykki til töku orlofsins. Með samþykki sínu er móðir að samþykkja að faðir njóti umgengnisréttar við barn sitt þann tíma sem orlofið stendur yfir, líkt og sjá má í ákvæðinu.

Næst ber að líta til 3. mgr. 28. gr. a. bl., skv. þeirri grein er öðru foreldri óheimilt að fara með barn úr landi án samþykkis hins fari þau sameiginlega með forsjána. Getur faðir því

²² Aquilino William S. : „*The Noncustodial Father-Child Relationship from Adolescence into Young Adulthood*“, bls. 932

²³ Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir: *Áfram foreldrar*, bls. 26

²⁴ Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir: *Áfram foreldrar*, bls. 110 og 114.

²⁵ Sjá 2. kafla ritgerðarinnar

komið í veg fyrir brottflutning móður úr landi með barn þeirra sé forsjáin sameiginleg. Fari móðir ein með forsjá skv. 2. mgr. 29. gr. bl. getur faðir barns ekki komið í veg fyrir slíka landflutninga hvort sem þeir eru til lengri eða skemmri tíma.

Um réttindi foreldra til upplýsinga um barn er fjallað í 52. gr. bl. Þar er gerður greinarmunur á forsjárforeldri og forsjárlausu foreldri en þar segir:

52. gr. Réttur til upplýsinga um barn.

Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá frá hinu [munnlegar upplýsingar]¹⁾ um hagi þess, þar á meðal varðandi heilsufar þess, þroska, dvöl á leikskóla, skólagöngu, áhugamál og félagsleg tengsl.

[Það foreldri sem ekki hefur forsjá barns á rétt á að fá aðgang að skriflegum gögnum um barnið frá skólum og leikskólum.]¹⁾ [Það foreldri á einnig rétt á að fá munnlegar upplýsingar um barnið frá öðrum aðilum sem fara með mál þess, svo sem sjúkrahúsum, heilsugæslu- og félagsmálastofnunum, félagsmálanefndum, barnaverndarnefndum og lögreglu.]¹⁾ Réttur samkvæmt þessari málsgrein felur ekki í sér heimild til að fá upplýsingar um hagi forsjárforeldris.

Stofnunum og stjórnvöldum, sem nefnd eru í 2. mgr., er þó heimilt að synja um upplýsingar ef hagsmunir foreldris af því að notfæra sér þær þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef telja verður að upplýsingagjöf sé skaðleg fyrir barn.

Skjóta má synjun um upplýsingar um barn skv. 3. mgr. til sýslumanns innan tveggja mánaða frá því að foreldri var tilkynnt um ákvörðunina. Ákvörðun sýslumanns samkvæmt þessari málsgrein verður ekki kærð til [ráðuneytisins].²⁾

Þegar sérstaklega stendur á getur sýslumaður ákveðið að ósk forsjárforeldris að svipta hitt foreldrið heimild til að fá upplýsingar skv. 2. mgr. Um kæru slíkrar ákvörðunar sýslumanns fer skv. 78. gr.

Eins og sjá má af þessu getur forsjá skipt gríðarlegu máli fyrir feður við þessar ástæður og því ástæða til að skoða hvort auðveldara ætti að vera að nálgast sameiginlega forsjá. Má ætla að raunhæf spurning sé hvort sameiginleg forsjá ætti að vera, líkt og áður var varpað fram, meginreglan eftir að barn hefur verið feðrað?

5.1 Möguleiki feðra til að fara í mál

Ávallt er ljóst við fæðingu barns hver móðirin er en óvissa getur verið um faðerni og jafnvel getur verið uppi sú staða að fleiri en einn karlmaður komi til greina. Sé barn ekki feðrað sjálfkrafa skv. „*pater est*“ reglunni og reglan um faðernisviðurkenningu á ekki við verður að höfða faðernismál fyrir dómi til að feðra viðkomandi barn.²⁶ Um málsaðild að faðernismálum er fjallað í 10. gr. bl. og getur barnið sjálft og móðir þess höfðað mál gegn þeim manni eða þeim mönnum sem til greina koma sem faðir barnsins. Maður sem telur sig faðir barns getur einnig höfðað faðernismál gegn móður eða eftir atvikum viðkomandi barni. Tilkoma erfðafræðilegra rannsókna hefur hjálpað mikið og verið mikil réttarbót í dómsmálum á þessu sviði. Slíkar rannsóknir gegna lykilhlutverki þar sem þær eru oftast en ekki helsta

²⁶ Róbert R. Spanó o.fl.: *Um lög og rétt*, bls. 471

sönnunargagn þessara mála. Þá getur dómari skv. 15. gr. bl. farið fram á að blóðrannsókn verði gerð á aðilum og barni til að ganga úr skugga um faðerni.²⁷

Grunur getur vaknað um að barn hafi verið ranglega feðrað og er þá hægt að höfða svokölluð vefengingar- eða ógildingarmál skv. 1. og 2. mgr. 21. gr. bl. Þeir sem geta átt málsaðild að slíkum málum eru tæmandi taldir í lögunum. Aðeins barnið sjálft, móðirin og skráður faðir, eða erfingi hans, geta höfðað slík mál. Faðir sem sterklega telur sig réttan föður getur því ekki höfðað vefengingarmál sé barnið þegar feðrað, sbr. III. kafla barnalaga. Má ætla að rökin að baki þessu sé að finna í friðhelgi fjölskyldu sem er stjórnarskrárvarin í 1. mgr. 71. gr. stj.skr.

Barn sem fæðist utan hjónabands eða sambúðar er, eins og sjá má á framangreindu, ekki feðrað sjálfkrafa við fæðingu og því liggur í hlutarins eðli að móðir fari ein með fulla forsjá. Öðru máli gegnir þegar barn hefur verið feðrað og ljóst er hver faðir barnsins er. Hér verður þó að hafa í huga að foreldrar verða að geta starfað saman til að sameiginleg forsjá teljist vera barni fyrir bestu.

5.2 Skráð faðerni en hvað svo?

Hafi faðerni réttilega verið skráð geta foreldrar samið um hvernig forsjá barns skal háttáð sbr. 32. gr. bl. eða faðir getur krafist þess að fara í forsjármál, skv. 34. gr. bl., gegn móður óski hann þess að öðlast fulla forsjá með barni sínu. Forsjármál skera sig ögn frá öðrum lagadeilum þar sem þau einkennast af miklum tilfinningum og hafa sökum þess oft verið mikil hitamál. Af þessari ástæðu hefur löggjafinn talið rétt að víkja eigi að nokkru leyti frá almennum réttarfarsreglum í málum á sviði barnaréttar. Mál á þessu sviði eru rekin sem einkamál og um þau gilda því lög um meðferð einkamála nr. 91/1991. Er sá háttur hafður á í þessum málum að dómari er ekki bundinn af sönnunarfærslu aðila og getur hann skipt sér að hluta til að henni, m.a. lagt fyrir aðila að afla tiltekinna gagna. Einnig er hann ekki bundinn af þeim málsliðum er fram koma í stefnu og greinargerð máls. Mál sem snúa að hagsmunum barna eru iðulega höfð fyrir lokuðu þinghaldi, skv. 2. mgr. 12. gr. bl.²⁸

Áður en faðir getur leitað til dómstóla með ágreining sinn, hvort sem hann lítur að forsjá, umgengni eða lögheimili er honum skylt að leita fyrst til sýslumanns og fara í gegnum ákveðna sáttameðferð með barnsmóður sinni skv. 33. gr. a. bl. Í þeirri grein er kveðið á um að sýslumaður skuli bjóða uppá og annast slíka meðferð fyrir foreldra er greinir á um rétt sinn. Foreldrar geta þó leitað til annarra aðila er hafa sérfræðipekkingu á slíkum meðferðum og

²⁷ Róbert R. Spanó o.fl.: *Um lög og rétt*, bls. 471-472 og Alpt. 2002-2003, A-deild, bls. 904

²⁸ Alpt. 2002-2003, A-deild, bls. 925-926

málefnum barna kjósi þau það heldur. Markmið sáttanna kemur fram í 3. mgr. 33. gr. a. bl. en þar segir:

„Markmið með sáttameðferð er að hjálpa foreldrum að gera samning um þá lausn máls sem er barni fyrir bestu. Foreldrar skulu mæta sjálfir á þá sáttafundi sem sáttamaður boðar til. Veita skal barni, sem náð hefur nægilegum þroska, kost á að tjá sig við sáttameðferð nema telja megi að slíkt geti haft skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins.“

Sá sem annast sáttameðferð foreldra, sáttamaður, verður að gæta þess að vera hlutlaus og gæta hagsmuna barnsins í hvívetna. Hann verður að leitast við að draga fram þá hagsmuni sem leitt geta til þess að málinu ljúki með sátt. Á þessu stigi máls gefst foreldrum tækifæri á að ræða málin með hjálp sérfræðinga og koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Náist ekki sátt á þessu stigi gefur sáttamaður út svokallað sáttavottorð og greinir frá því að reynt hafi verið að ná sáttum, hvernig það var gert, helstu ágreiningsatriðum og afstöðu aðila. Með slíkt vottorð í höndunum getur annað foreldra eða þau bæði farið með málið fyrir dómstóla. Dómari getur þó skv. 40. gr. bl. á öllum stigum málsins lokið því með sáttumleitan telji hann líklegt að sættir náist milli aðila. Skal hann nýta þessa heimild og setta mál með tilliti til hagsmuna barns í öllum þeim tilvikum sem við á. Í slíkum aðstæðum getur dómari óskað eftir aðstoð sérfræðings við sáttumleitanina eða ákveðið að senda foreldra aftur til sáttameðferðar skv. 33. gr. a. bl.

Hafi faðir fengið uppáskrifaða umgengni frá sýslumanni í kjölfar sáttameðferðar ber móður að virða þann rétt. Í barnalögum má finna ákvæði um hvernig bregðast skuli við þegar umgengni er tálmuð. Um tálmun er að ræða ef foreldri sem barn býr hjá hindrar umgengni foreldris og barns og kemur þannig í veg fyrir að umgengnisforeldri fái að hitta barn sitt samkvæmt þeim úrskurði er liggur fyrir frá sýslumanni eða staðfestum samningi foreldra. Getur sýslumaður þegar svo er ástatt lagt dagsektir á foreldrið er stendur fyrir tálmuninni. Ef dagsektir eru ákveðnar á foreldri að greiða tiltekna fjárhæð fyrir hvern dag sem líður frá því að sýslumaður úrskurðar þær og þar til tálmun hefur verið aflétt. Ef foreldri sem barn býr hjá heldur áfram að hindra umgengni þrátt fyrir dagsektir getur dómari ákveðið að umgengni verði komið á með aðför, það er með þeim hætti að barn sé tekið úr umsjá foreldrisins sem það býr hjá og fært umgengnisforeldrinu. Þessi heimild dómara sem er að finna í 50. gr. bl. er afar þung í vöfum og verður henni því aðeins beitt í undantekningartilvikum. Þær aðstæður geta verið uppi að umgengnisforeldri sinni ekki umgengni sinni við barn, lögin mæla ekki fyrir um nein sérstök úrræði þegar svo er ástatt.

5.3 Sjónarmið í forsjárdeilum

Þegar foreldrar standa í forsjárdeilum yfir barni sínu, skiptir ofangreind meginregla 3. gr. SSRB höfuðmáli auk þess sem horft er sérstaklega til nokkurra atriða við ákvörðun um hvernig forsjánni skuli háttað. Umrædd sjónarmið hafa mótast út frá fyrrnefndum alþjóðasáttmálum, löggjöf sem og með dómaframkvæmd. Í þessum málum er fyrst og fremst horft til tengsla barns við foreldra og hjá hvoru foreldri barn muni njóta meiri stöðugleika. Einnig er horft til persónulegra haga foreldra og persónulegra eiginleika þeirra, sem lúta til dæmis að vinnu þeirra, greind og heilsu. Vilji barns getur haft mikið að segja þegar barn hefur náð tilteknum þroska, en sá þáttur á ekki við um yngri börn líkt og gefur að skilja, sbr. 12. gr. SSRB og 3. mgr. 1. gr. bl.²⁹

Þegar forsjárdeila kemur upp eftir skilnað eða sambands slit og um fleiri en eitt barn er að ræða hafa systkinatengsl óumdeilanleg áhrif. Ekki er talið ákjósanlegt að taka systkini í sundur, sjá þó *Hrd. 8. júní 2006 (548/2005)*. Í þeim dómi var um skilnað hjóna að ræða sem áttu tvö börn. Foreldrarnir voru talin vera jafnhæf til að sinna forsjánni og var Hæstiréttur í vandræðum með að taka ákvörðun um hver ætti að fara með hana, dæmdu þeir því hvoru foreldri fulla forsjá með öðru barnanna. Má ætla að hér hafi Hæstiréttur forðast að taka fram að börnunum var í raun skipt upp. Má spyrja sig við lesningu þessa dóms hvers vegna systkinatengsl hafi hér skipt svo litlu. Þegar þessi dómur féll hafði heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá ekki verið lögleidd og má ætla að líkleg niðurstaða í dag væri sameiginleg forsjá þar sem foreldrar voru talin standa svo jöfn að vígi.

Aldur barns getur einnig sett svip sinn á deilu foreldra og niðurstöðu máls þar sem þarfir barna eru mismunandi eftir aldri og jafnvel kyni barnsins. Þegar frumvarp til breytingarlaga nr. 61/2012 var lagt fram var sett fram sú tillaga um að lögbinda framangreind atriði sem horfa skildi til í forsjármálum og með því gera þau sýnilegri almenningi. Var það að hluta til gert en sú talning er þó ekki tæmandi.³⁰

Hæfi foreldra til að takast á við uppeldi barns síns er því metið út frá ofangreiddum sjónarmiðum sem og öryggi barnsins. Upptalin atriði eru ekki tæmandi talning þeirra atriða sem geta haft áhrif á niðurstöðu umræddra mála. Má því einnig benda á þau sérstöku viðbótarsjónarmið sem komu inn í lögin 1. janúar 2013 og eiga við þegar dómari hyggst dæma sameiginlega forsjá. Þessi sjónarmið má finna í 4. mgr. 34. gr. bl., en þau vísa til þess að horfa eigi til þess hvernig forsjá var áður háttað, ef það á við, og einnig hvort samskipti og/eða ágreiningur foreldra séu líkleg til að koma í veg fyrir, hindra eða draga úr möguleikum

²⁹ Þskj. 328, 140. lögb. 2011–12, bls. 32

³⁰ Þskj. 328, 140. lögb. 2011–12, bls. 65-66

barns til að alast upp við þau skilyrði sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna gerir kröfu um. Ávallt ber svo að kanna hvort hætta sé á því að barn, foreldri eða aðrir á heimilinu verði fyrir ofbeldi. Má sjá á lagapróun að vaxandi áhersla hefur verið lögð á vernd barna gegn ofbeldi á síðustu árum.³¹

Verður í umræddum deilumálum foreldra þó alltaf að hafa í huga að þau sjónarmið sem horft er til í forsjármálum „verða að vera nokkuð opin og háð mati þar sem niðurstaða í hverju máli verður að ráðast alfarið af hagsmunum þess barns sem deilt er um.“³²

Má velta upp hvort svipað mat ætti að fara fram þegar barn kemur laungetið í heiminn. Verður þó að telja að slíkt yrði talið of kostnaðarsamt og yfirgripsmikið í framkvæmd og því líklega óraunhæfur kostur. Líklegri kostur væri til dæmis að dómari hefði heimild til að taka ákvörðun um forsjá og hvort grundvöllur væri fyrir sameiginlegri forsjá samhliða faðernismáli kjósi faðir barns að leita réttar síns á slíkan hátt. Jafnvel má velta því upp hvort sýslumanni ætti að vera heimilt að meta aðstæður við faðernisviðurkenningu.

6 Lokaorð

Jafnrétti kynjanna hafa mikið verið í umræðunni síðustu ár og er jafnrétti foreldra þar engin undantekning. Feður hafa í gegnum tíðina hlotið skertan hlut frá borði þegar kemur að forsjárdeilum og öðrum málum er tengjast börnum þeirra og forsjá. Breytingarlög nr. 61/2012 fjalla meðal annars um frekari útfærslu á sameiginlegri forsjá og hafa að geyma heimild fyrir dómara til að dæma slíkt forsjárform sé það talið vera barni fyrir bestu. Umrætt forsjárform hefur verið feðrum afar hagstætt þar sem sífellt fleiri foreldrar sem ekki njóta samvista virðast aðhyllast það. Samfara þeirri þróun fækkar forsjárlausum feðrum og æ fleiri feður taka virkan þátt í lífi barna sinna.

Fyrrgreind breytingarlög tóku barnalögin til skoðunar í heild sinni og vekur athygli hvers vegna 2. mgr. 29. gr. bl. var ekki tekin til endurskoðunar í það skiptið. Ljóst er að ákvæðið tekur ekki tillit til aðstæðna við fæðingu barna né gefur rými til mats á þeim aðstæðum er uppi geta verið. Fyrir feður sem standa frammi fyrir ákvæðinu er því lítið annað í stöðunni en að leita til sýslumanns og í kjölfarið ákvörðun dómstóla náist ekki sættir hjá sýslumanni, vilji þeir standa vörð um rétt sinn. Getur slíkt tæplega talist málefnalegt og í takt við nútímasamfélag.

Í kjölfar aukinnar áherslu löggjafans á sameiginlega forsjá og með hliðsjón af framangreindum atriðum mætti skoða hvort auðveldara ætti að vera fyrir feður að fá

³¹ Þskj. 328, 140. lögb. 2011–12, bls. 31-32

³² Þskj. 328, 140. lögb. 2011–12, bls. 13

sameiginlega forsjá þegar 2. mgr. 29. gr. bl. á við. Til að mynda að dómari fengi viðeigandi heimild til að úrskurða um slíkt samhliða faðernismáli líkt og áður hefur verið komið inn á eða að geti faðir sýnt fram á að hann hafi búið með móður, þó sambúð hafi ekki verið skráð í þjóðskrá, þá yrði forsjá sameiginleg. Gæti faðir sýnt fram á slíkt með afriti af rafmagns- og símareikningum svo dæmi sé tekið.

Þrátt fyrir að miklar framfarir hafi átt sér stað í réttindabaráttu feðra á Íslandi sem og forsjárlausra foreldra yfir höfuð er ljóst að enn er langt í land og margt enn óunnið. Af framangreindum texta má draga þá ályktun að feður geti átt góð tengsl við börn sín séu samskipti þeirra við barnsmóður góð og eðlileg. Setji foreldrar sýnar erjur til hliðar og einblíni á það sem barni þeirra er fyrir bestu geta þeir átt gott foreldrasamstarf þó svo þau njóti ekki samvista hvort með öðru. Samkomulag og samvinna foreldra er grundvallaratriði þegar kemur að tengslum feðra við börn sín og á það við hvort sem foreldrar fara saman með forsjá eður ei.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

Aquilino William S. : „The Noncustodial Father-Child Relationship from Adolescence into Young Adulthood“. *Journal of Marriage and Family*, 4.tbl. 2006, bls. 929-946.

Davíð Þór Björgvinsson: *Barnaréttur*. Reykjavík 1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið: *Forsjá*. Reykjavík 2003.[Rafræn útgáfa, aðgengileg á http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/DKM_forsja.pdf].

Hrefna Friðriksdóttir: *Handbók, Barnalög nr.76/2003 með síðari breytingum*. Reykjavík 2013.

Róbert R. Spanó o.fl.: *Um lög og rétt. Helstu greinar íslenskrar lögfræði*. 2. útgáfa. Reykjavík 2009.

Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir: *Áfram foreldrar, Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Háskólaútgáfan 2000.

Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir: *Eftir skilnað, Um foreldrasamstarf og kynslóðatengsl*. Reykjavík 2013.

Skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum. Félags- og tryggingarráðuneytið. Reykjavík 2009.

http://www.velferdarraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Skyrsla_nefndar_um_stodu_barna_i_mismunandi_fjolskyldugerdum.pdf